



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

03.febrúar 2014

Mættir:

Haraldur Eyvinds -formaður

Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild

Guðjón Norðfjörð -gjaldkeri

Guðrún Edda Haraldsdóttir - fimleikadeild

Hreinn Októ Karlsson – ritari

Gunnar Gíslason – Handknattleiksdeild

Hafdís Guðmundsdóttir -varaformaður

Hilmar Sigurðsson– Knattspyrnudeild

Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri

Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.

Ragnar Rafnsson varamaður

Dagskrá:

Dagskráin:

- 1. Breyting fundargerðar**
 - 2. Yfirlit deilda**
 - 3. Önnur mál**
-

1. Breyting fundargerðar

Rædd var breyting á fundargerð síðasta fundar og var borin upp tillaga á breytingu á orðalagi sem var samþykkt.

2. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Starf gengur vel. Meistaraflokkur kvenna að fara keppa við Fram í 8 liða úrslitum bikarkeppni HSÍ. Meistaraflokkur karla á góðu róli í 1.deild. Davíð Hlökkversson ráðinn þjálfari hjá 3.fl karla í staðin fyrir Valeri Mutagarov sem leystur var undan samningi. Stefnir í breytingar í stjórn handknattleiksdeildar. Ósk frá deildinni að hafa aðalfund Gróttu ekki seinna en 15.mars.

Kraftlyftingadeild.





Kraftlyftingadeild Gróttu hélt kraftlyftingkeppni RIG. Þar vann Fanney Hauks til verðlauna og Grótta var stigahæsta liðið. Erla Kristín tók 85 kg í bekk.

Grótta að fara að taka þátt í Íslandsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum sem haldið verður á Ísafirði helgina 8-9 feb. Erla sagði frá að það ætti að fara bæta aðstöðu til kraftlyftinga í WC.

Knattspyrnudeild

Meistaraflokkur og 2.fl eru að fara til Berlínar í 5 daga æfingaferð þar sem æft verður við góðar aðstæður, fékkst gott tilboð í ferð. 2..fl kvenna óskað eftir að fara líka en KR hafnaði þeirri hugmynd 3.fl kvenna mun fara til Spánar í sumar og taka þátt í móti þar. Svo mun eldra í 4.fl karla fara til Danmerkur í sumar

Fimleikadeild.

Þann 18.janúar fór fram Hello Kitty mót Fimleikadeildar Gróttu. Mótið var vel heppnað, en alls kepptu 185 stúlkur frá fimm félögum í 5. og 6. þrepi fimleikastigans. Fimleikadeildin er búin sanka að sér verðlaunum á árinu 2014. Guðrún Edda ræddi um að það vanti betri aðstöðu fyrir fimleikana, margir iðkendur eru og því lítil tími fyrir hvern hóp á hverju áhaldi á æfingum.

3. Önnur mál

Stefnumótnunarþing UMSK o.fl

Haraldur fór yfir helstu þætti sem farið var yfir á þinginu, sem eru meðal annars fjölgun aldraða og hvernig sé hægt að fá þann aldurflokk inn í Íþróttafélögin. UMSK þing verður haldið 27.feb og vantar sjálfboðaliða til að fara á það. Það eru að losna 3 pláss í stjórn UMSK og athugað verður hvort einhver frá Gróttu hefur áhuga.

Búið er að endurnýja eldavél í veislusal og er Ásta verkefnastjóri að skoða fleira sem þarf að endurnýja.

Rætt var um leiðir til að fá fólk til að starfa fyrir Gróttu í stórnum og unglingaráðum.

Skoðaður var bæklingur frá HK um starf Íþróttafélagsins og ákveðið að skoða hvort Grótta ætti ekki að fara í að láta gera bækling, UMSK tekur þátt í kostnaði.

Stefnt er á að halda aðalfund Gróttu 13.mars

Fundi slitið 20:40

